

Alþingi
Erindi nr. P 138/184
komudagur 10.11.2009

Minnisblað

Viðtakandi: Sjávarútvegs- og landbúnaðarnefnd
Sendandi: Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytið

Dagsetning: 10. nóvember 2009

Efni: Minnisblað vegna breytinga á frumvarpi til laga um breytingar á ýmsum lögum vegna endurskoðunar á undanþágum frá I. kafla I. viðauka við EES-samninginn og innleiðingar á reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 178/2002 frá 28. janúar 2002 auk afleiddra gerða, sem lagt var fyrir Alþingi á 138. löggjafarþingi. (Þskj. 17 — 17. mál.)

Hér að neðan eru breytingar sem sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytið leggur til að gerðar verði á ofangreindu frumvarpi.

1. Fæðubótarefni – Breyting á 2. og 8. gr. frumvarpsins

Til að taka af öll tvímæli um að lög nr. 93/1995 um matvæli taki til fæðubótarefna, sem innihalda lyf eru lagðar til eftirfarandi breytingar á 2. og 8. gr. frumvarpsins. Þessar breytingar eru unnar í samráði við heilbrigðisráðuneytið og Lyfjastofnun.

A.

4. málslíður 1. mgr. 2. gr. laganna fellur brott:
„Jafnframt ná lögin til fæðubótarefna.“

Athugasemd

Þessi málslíður er felldur brott þar sem skýrt er kveðið á um að lög nr. 93/1995 gildi um matvæli, þ.m.t. fæðubótarefni, sem innihalda lyf í 2.mgr. 2. gr. laganna, sbr. breytinguna hér að neðan í lið B.

B.

„Í stað fyrri málslíðar 2. mgr. komi tveir nýir málslíðir, svohljóðandi:

„Lyf, sbr. lyfjalög, eru undanþegin ákvæðum þessara laga. Þó gilda lög þessi um matvæli, þ.m.t. fæðubótarefni, sem innihalda lyf, Tóbak, sbr. lög um tóbaksvarnir, og vímuefni, önnur en áfengi, sbr. lög um ávana- og fíkniefni, eru undanþegin ákvæðum þessara laga.“

Athugasemd

Tekin eru af öll tvímæli að lögin gildi um matvæli, þ.m.t. fæðubótarefni, sem innihalda lyf enda þótt lyf, samkvæmt lyfjalögum séu undanþegin lögum 93/1995.

C.

Lagðar eru til eftirfarandi breytingar á 8. gr. frumvarpsins:

Við 1. mgr. 11. gr. laganna bætist nýr málslíður, svohljóðandi:

„Óheimilt er að flytja til landsins eða markaðssetja matvæli, þ.m.t. fæðubótarefni, sem innihalda lyf samkvæmt skilgreiningu lyfjalaga. Leiki vafi á því hvort einstök efni eða efnasambönd teljist lyf sker Lyfjastofnun úr.“

Athugasemd

Hér er það áréttað að skilgreining lyfjalaga um lyf samkvæm 2. tölulið 5. gr. lyfjalaga gildi um lyf, sem blandað er í matvæli. Skilgreining lyfjalaga ræður því hvað eru lyf í skilningi matvælagaga. Opinberir eftirlitsaðilar munu almennt þurfa að hafa samráð við Lyfjastofnun um framkvæmd þessa lagaákvæðis við ákvörðun þess hvað telst lyf. Jafnframt er tekið fram að ef vafi leiki á því hvað teljist lyf skeri Lyfjastofnun úr um það álitaeefni. Þetta efnisákvæði er í samræmi við 2. mgr. 5. gr. lyfjalaga.

2. Tómsundabændur – Breyting á 5. mgr. 6. gr. frumvarpsins

5. mgr. 6. gr. laganna orðast svo:

„Þrátt fyrir skilgreiningu á matvælafyrirtæki í 4. gr. er ráðherra heimilt að undanskilja frá starfsleyfis- eða tilkynningarskyldu aðila sem halda búfé en ekki í ágóðaskyni en þeir skulu þó uppfylla önnur skilyrði þessara laga og stjórnvaldsreglna sem settar eru með heimild í þeim.“

Athugasemd

Í stað orðanna *“aðila sem ekki stunda starfsemi í ágóðaskyni”* er lagt til að orðalagið verði þrengt *“aðila sem halda búfé en ekki í ágóðaskyni”*. Hér er verið að breyta orðalagi til samræmis við tilgang ákvæðisins en í athugasemdum við þessa grein frumvarpsins segir *“Í greininni er gert ráð fyrir að ráðherra geti með reglugerð undanskilið frá starfsleyfis- og tilkynningarskyldu tómsundabændur, þ.e. þá aðila sem ekki halda sauðfé, geitfé og hross í ágóðaskyni heldur sér til ánægju.”*

Þessir aðilar verða þó eftir sem áður skyldaðir til að vera með sín dýr á skrá hjá viðkomandi búféareftirliti og lúta öllum öðrum lögum og stjórnvaldsfyrirmælum, svo sem um einstaklingsmerkingar og fleiri atriði sem varða dýraheilbrigði og dýravernd og heilbrigði sláturdýra, kjósi þeir að senda dýr til slátrunar.

3. Samningur opinberra eftirlitsaðila um eftirlitsverkefni – Nýtt ákvæði -14. gr. frumvarpsins

Við 22. gr. laganna bætast tvær nýjar málsgreinar, sem verða 2. og 3. mgr., svohljóðandi:

„Opinberum eftirlitsaðilum er heimilt að fela hver öðrum að annast tiltekin verkefni sem eru á verksviði þessara aðila samkvæmt lögum þessum.

Flutningur verkefna samkvæmt 3. mgr. getur einnig tekið til ákvarðana um þvingunarúrræði og viðurlög skv. 30. gr., 30 gr. a -30. gr d. og gjaldtöku fyrir eftirlitið skv. 25. gr.“

Athugasemd

Samkvæmt þessu ákvæði er Matvælastofnun og heilbrigðisnefndum sveitarfélaganna heimilt að semja sín á milli um eftirlitsverkefni og breyta þannig þeirri skipan sem lögin gera ráð fyrir í 6. og 22. gr. laganna. Slíkir samningar eiga að hafa það markmið að gera matvælaeftirlitið

skilvirkara og ekki síst hagkvæmara fyrir eftirlitsþegann. Í slíkum samningi þarf einnig að tilgreina hvaða gjaldskrá á að gilda um umsamin verkefni samanber 25. gr. laganna. Verði verkefni flutt milli eftirlitsaðila getur viðkomandi eftirlitsaðili beitt þvingunarúrræðum laganna.

4. Tíðni opinbers eftirlits - Nýtt ákvæði -14. gr. frumvarpsins

Við 22. gr. laganna bætast ein ný málsgrein, sem verða 4. mgr., svohljóðandi:

„Tíðni opinbers eftirlits skal vera regluleg og í réttu hlutfalli við áhættuna, að teknu tilliti til niðurstaðna úr eftirlit og samkvæmt eftirlitsáætlunum.“

Athugasemd

Lagt er til að áréttað verði í ákvæðinu að tíðni eftirlits fari eftir áhættu og niðurstöðum eftirlits hjá viðkomandi matvælafyrirtæki.

5. Frekari skýringar á gjaldtökuákvæði - Breyting á 3. - 4. mgr. 17. gr. frumvarpsins

3.- 4. mgr. 25. gr. laganna orðast svo:

„Ráðherra er heimilt að setja reglugerð um framkvæmd og inntak eftirlits opinberra eftirlitsaðila og skal hann gefa út gjaldskrá fyrir eftirlit Matvælastofnunar að fengnum tillögum stofnunarinnar. Með sama hætti skulu sveitarfélögin gefa út gjaldskrá fyrir eftirlitsskylda starfsemi heilbrigðisnefnda vegna matvælaeftirlits.

Við gerð reglugerðar og gjaldskrár opinberra eftirlitsaðila skal taka tillit til eftirfarandi atriða:

- a. hvers konar fyrirtæki um er að ræða og viðkomandi áhættuþátta,*
- b. hagsmuna fyrirtækja með litla framleiðslu,*
- c. hefðbundinna aðferða við framleiðslu, vinnslu og dreifingu,*
- d. þarfa fyrirtækja með aðsetur á svæðum sem líða fyrir tiltekna landfræðilegar takmarkanir.*

Ráðherra skal afla umsagnar hlutaðeigandi hagsmunasamtaka og kynna þeim efni og forsendur

reglugerðar og/eða gjaldskrár Matvælastofnunar með a.m.k. eins mánaðar fyrirvara. Hafi umsagnir þeirra ekki borist ráðherra að mánuði liðnum er honum þó heimilt að setja reglugerð og gjaldskrá án umsagna þeirra.“

Athugasemdir

Með ofangreindum breytingum er reynt að skýra enn frekar þessi efnisákvæði frumvarpsins um gjaldtöku. Opinberir eftirlitsaðilar eru Matvælastofnun eða heilbrigðisnefndir sveitarfélaga í við samræmi 9. t. 3. gr. frumvarpsins. Með breytingunum er áréttað að efnisákvæði 17. gr. frumvarpsins gildi bæði fyrir matvælaeftirlit Matvælastofnar og heilbrigðisnefnda sveitarfélaganna. Þetta er í samræmi við athugasemdir við þessa grein í frumvarpinu en þar segir *“Í 3. mgr. felst að sveitarstjórnir skulu nú setja heilbrigðisnefndum sveitarfélaganna gjaldskrá fyrir matvælaeftirlit á grundvelli 25. gr. matvælalaga og viðeigandi ákvæða í reglugerð (EB) nr. 882/2004.”* Sú reglugerð sem vísað er til í ákvæðinu er reglugerð (EB) nr. 882/2004 og ekki á þessum tímapunkti fyrirhugað að setja aðra reglugerð á þessu sviði. Sú reglugerð mun gilda bæði fyrir Matvælastofnun og heilbrigðisnefndir sveitarfélaganna.

Sérstaklega er tekið fram að gjaldskrá sem ráðherra setur gildir einungis fyrir eftirlit Matvælastofnunar. Þetta er í samræmi við athugasemdir við þessa grein í frumvarpinu.

6. Aðkoma MAST að samningi um bakvaktþjónustu - Breyting á 2. mgr.

38. gr. frumvarpsins

2. mgr. 12. gr. laganna orðast svo:

„Fyrir bakvaktþjónustu greiðist samkvæmt samningi Dýralæknafélags Íslands við sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneyti og fjármálaráðuneyti.“

Ákvæðinu er breytt þannig að “Matvælastofnun” er ekki samningsaðili samkvæmt ofangreindum samningi. Lagt til að núgildandi lagaákvæði verði látið halda sér, þannig að samningurinn verði gerður milli Dýralæknafélagsins og ráðuneytanna tveggja. Samkvæmt núgildandi lagaákvæði ráðast greiðslur fyrir vaktþjónustu af samningum milli Dýralæknafélags Íslands og sjávarútvegs- og landbúnaðar- og fjármálaráðuneyta. Skv. núverandi efnisákvæðum 2. mgr. 38. gr. frumvarpsins er kveðið á um að fyrir bakvaktþjónustu dýralækna skuli greitt skv. samningi sem Dýralæknafélag Íslands geri við MAST, sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytið og fjármálaráðuneytið. Hér var MAST bætt inn sem samningsaðila. Ekki eru rök eru fyrir því að MAST komi með beinum hætti að samningsgerð vegna bakvakta.

7. Skil milli eftirlits Matvælastofnunar og mengunareftirlits - Breyting á 33.

gr. frumvarpsins

13. gr. laganna orðast svo:

*„Aukaafurðir dýra, sem ekki eru ætlaðar til manneldis, skal meðhöndla, geyma, flytja, vinna eða eyða á þann hátt að ekki valdi hættu á útbreiðslu smitefna eða annarra skaðlegra efna. Þeir sem meðhöndla, geyma, flytja eða vinna aukaafurðir dýra, **sem ekki teljast til úrgangs**, skulu sækja um leyfi Matvælastofnunar áður en starfsemin hefst. Ef aukaafurðir dýra teljast til úrgangs gilda um starfsemina ákvæði laga nr. 55/2003, um meðhöndlun úrgangs.*

*Vinnslu-, geymslu-, lífgas- og myltingarstöðvar, svo og stöðvar fyrir milliefni og líffituefni, sem ætlað er að vinna aukaafurðir úr dýrum **og ekki teljast til úrgangs**, þ.m.t. stöðvar sem annast vinnslu úr sjávar- og eldisafurðum, skulu hafa starfsleyfi frá Matvælastofnun áður en rekstur hefst.*

Ráðherra setur með reglugerð nánari ákvæði um aukaafurðir dýra sem ekki eru ætlaðar til manneldis, svo sem meðferð slíkra aukaafurða, flokkun og starfsleyfi vegna þeirra, sbr. 29. gr. a.“

Athugasemd

Eins og segir í ákvæðinu “Ef aukaafurðir dýra teljast til úrgangs gilda um starfsemina ákvæði laga nr. 55/2003, um meðhöndlun úrgangs.” Verið er að áréttu að ef aukaafurðir dýra flokkast sem úrgangur gildir mengunarlöggjöf laga. Nr. 55/2003 um slíka starfsemi. Matvælastofnun sinnir aðgerðum vegna smitvarna við vinnslu og aðra meðferð aukaafurða enda ekki um úrgang að ræða.

8. Dýravelferð - Breyting á 38. og 39. gr. frumvarpsins

38. gr.

1. málslíður 12. gr. laganna orðast svo:

„Til að tryggja velferð dýra og almenna þjónustu við dýraeigendur skal dýralæknir jafnan vera á bakvakt utan venjulegs dagvinnutíma á hverju vaktsvæði, sbr. 3. mgr. Héraðsdýralækna, hver í sínu umdæmi, skipuleggja bakvaktir í samráði við sjálfstætt starfandi dýralækna sem þar starfa og er heimilt að skipta bakvakt innan sama vaktsvæðis milli fleiri dýralækna samtímis.“

39. gr.

1. málslíður 13. gr. laganna orðast svo:

„Í því skyni að tryggja velferð dýra og að tryggja dreifðum byggðum reglubundna dýralæknaþjónustu svo og bráðaþjónustu skal sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra setja reglugerð um hvernig tryggja skal starfsaðstöðu og greiðslu staðaruppbótar og/eða ferðakostnaðar dýralæknis sem tekur að sér að veita slíka þjónustu.“

Athugasemd

Inn í ákvæðin er bætt orðunum “velferð dýra” til þess að undirstrika að taka eigi tillit til velferðar dýra almennt við framkvæmd ákvæðanna.

9. Reglugerðarheimild ráðherra – Viðbót við 40. gr.

Við 14. gr. laganna bætist nýr málslíður svohljóðandi:

„Heimilt er ráðherra að setja reglugerð, þar sem nánar er kveðið á um störf sérgreinadýralækna.“

Athugasemd

Ráðuneytið telur rétt að hafa heimild í lögum til handa ráðherra til þess að setja reglugerð vegna skipulags og starfa sérgreinadýralækna.

10. Tímafrestur til að setja reglugerð - Viðbót við 41. gr. frumvarpsins

Við ákvæði til bráðabirgða í 41. gr. laganna bætast ein ný málsgrein, sem verða 3. mgr., svohljóðandi:

„Ráðherra skal setja reglugerð samkvæmt 13. gr laganna eigi síðar en 1. júlí 2010.“

Athugasemd

Lagt er til að reglugerð verði sett innan innan tiltekins tíma frá gildistöku laganna til þess að eyða óvissu um fyrirkomulag dýralæknaþjónustu við dreifðar byggðir landsins.

11. Gildistaka ákvæða um skoðunarstofur – Nýtt ákvæði - 54. – 55. gr. frumvarpsins.

Við lögin bætist nýtt ákvæði til bráðabirgða, sem verður svohljóðandi:

„Breytingar á 16., 17. gr og 9. mgr 31.gr. a. laganna taka gildi einu ári eftir gildistöku laga þessara. Núverandi samningar faggiltra skoðunarstofa við vinnslu- og starfsleyfishafa falla niður frá þeim tíma.“

Athugasemdir

Lagt er til að breyting á ákvæðum um skoðunarstofur taki ekki gildi fyrr en einu ári eftir gildistöku laganna. Eðlilegt er að einkareknar skoðunarstofur og viðskiptavinir þeirra fái

aðlögunarfrest til að móta starfið að nýju lagaumhverfi. Reiknað er með að það taki tíma að móta stefnu um hvernig samstarfi Matvælastofnunar og faggiltra eftirlitsaðila skuli háttað og hvernig eftirlit með hlutaðeigandi fyrirtækjum skuli framkvæmt.